

8703.3250	----- Fjórhjól	0
	----- Önnur:	
8703.3291	----- Ný	0
8703.3299	----- Notuð	0
	-- Með meira en 2500 cm ³ sprengirými:	
	---- Með meira en 2500 cm ³ til og með 3000 cm ³ sprengirými:	
8703.3310	----- Fjórhjól	0
	----- Önnur:	
8703.3321	----- Ný	0
8703.3329	----- Notuð	0
	---- Með meira en 3000 cm ³ sprengirými:	
8703.3330	----- Fjórhjól	0
	----- Önnur:	
8703.3391	----- Ný	0
8703.3399	----- Notuð	0

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 143. gr. tollalaga nr. 55 frá 30. mars 1987, með síðari breytingum til að öðlast gildi þegar í stað og tekur til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku hennar.

Fjármálaráðuneytið, 8. mars 1995.

F. h. r.

Bjarnveig Eiríksdóttir.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

3. mars 1995

Nr. 39

LÖG

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

262. gr. laganna orðast svo:

Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gerist sekur um meiri háttar brot gegn 1., 2. eða 5. mgr. 107. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. og 2. mgr. 22. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, 1., 2. eða 7. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. og 11. gr. laga um tryggingagjald, og gegn 1. eða 6. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum. Heimilt er að dæma fésekt að auki samkvæmt þeim ákvæðum skattalaga er fyrr greinir.

Sömu refsingu skal sá sæta sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gerist sekur um meiri háttar brot gegn 3. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, 2. mgr. 40. gr. laga

um virðisaukaskatt, 37. og 38. gr., sbr. 36. gr., laga um bókhald eða 83.–85. gr., sbr. 82. gr., laga um ársreikninga, þar á meðal til þess að leyna auðgunarbroti sínu eða annarra.

Verknaður telst meiri háttar brot skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar ef brotið lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega víttaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög saknæmi brotsins, svo og ef maður, sem til refsingar skal dæma fyrir eitthvert þeirra brota sem getur í 1. eða 2. mgr., hefur áður verið dæmdur sekur fyrir sams konar brot eða eitthvert annað brot sem undir þau ákvæði fellur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

Gjört í Reykjavík, 3. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Eigi skal skrá aðila samkvæmt þessari grein ef samanlagðar tekjur hans af sölu skattskyldrar vöru og þjónustu eru að jafnaði lægri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti til starfseminnar, þar með talið vegna kaupa varanlegra rekstrarfjármuna. Þó á aðili rétt á skráningu ef hann sýnir fram á að kaup á fjárfestingarvörum standa í beinu sambandi við framleiðslu vöru til sölu í atvinnuskyni á síðari rekstrarárum.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skráningu, þar með talið um afturvirka skráningu til allt að sex ára og um tryggingu vegna skráningar skv. 2. másl. 5. mgr.

2. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna, sbr. 17. gr. laga nr. 122/1993, orðast svo:

Bílaleigum og tryggingafélögum, sem vegna starfsemi sinnar hafa keypt notuð ökutæki, er heimilt að ákvarða skattverð skv. 1. mgr. við endursölu þeirra.

3. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þeir aðilar, sem um ræðir í 1. mgr. 10. gr., geta við skil á virðisaukaskatti dregið frá reiknuðum útskatti á hverju uppgjörstímabili 19,68% af neikvæðum mismun á söluverði og innkaupsverði seldra ökutækja á viðkomandi uppgjörstímabili, enda eigi formskilyrði 3. mgr. 10. gr. við um söluna að öðru leyti.